

Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða
Suðurgötu 12
400 Ísafjörður

Garðabær, 22. ágúst 2025
202506-0043/A.B.
08.06

Efni: Umsögn - Vinnslutillaga - Svæðisskipulag Vestfjarða Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða.

Vísað er í erindi frá Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða og Fjórðungssambandi Vestfirðinga vegna vinnslutillögu að svæðisskipulagi Vestfjarða sem barst Náttúruverndarstofnun 10. júní 2025. Markmið svæðisskipulagsins er að móta sameiginlega stefnu sveitarfélaganna á Vestfjörðum um landnotkun, náttúruvernd, byggðaðróun, samgöngur og nýtingu auðlinda til ársins 2050. Skipulagið nær til allra sveitarfélaga í landsfjórðungnum og tekur m.a. til áforma um uppbyggingu innviða, atvinnuþróunar, verndun náttúru og landslags, auk áhrifa á líffræðilega fjölbreytni.

Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að nefndin setji fram metnaðarfull markmið varðandi vernd náttúru, víðerna, landslags og hugmyndir um friðlýst svæði. Stofnunin hefur farið yfir vinnslutillöguna og kemur hér á framfæri nokkrum ábendingum sem ætlað er að styðja við áframhaldandi vinnu við gerð svæðisskipulagsins. Umsögnin tekur einkum til atriða sem varða náttúruvernd, vernd líffræðilegrar fjölbreytni, víðerni og áhrif framkvæmda á friðlýst svæði og vistkerfi.

Markmið

Í greinargerð kemur fram að markmið svæðisskipulagsins um náttúruvernd, sjálfbæra landnýtingu og náttúrumiðaðar loftslagslausnir

Náttúruverndarstofnun tekur undir að þessi markmið séu mikilvæg og í samræmi við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd og alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Stofnunin bendir þó á að:

- Í markmiði 3.2.1 þurfi að skýra að verndarmarkmið friðlýstra svæða verði alltaf í forgangi gagnvart öðrum markmiðum, þ.m.t. eflingu ferðaþjónustu og byggðaðróun.
- Í markmiði 3.2.2 mætti bæta við skýrari viðmiðum um hvernig mat á verndargildi vistgerða og búsvæða verður framkvæmt, m.a. með hliðsjón af vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar og válistum.
- Í markmiði 3.2.3 væri æskilegt að útskýra hvernig náttúrumiðaðar loftslagslausnir verða metnar með tilliti til bæði kolefnisbindingar og verndargildis líffræðilegrar fjölbreytni, svo forðast megi að loftslagsaðgerðir bitni með neikvæðum hætti á vistkerfi.

Þjóðgarðar á Vestfjörðum

Í greinargerð kemur fram að stofnun þjóðgarðs á Vestfjörðum yrði lyftistöng fyrir ferðaþjónustu og samfélagsþróun.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þjóðgarðar snúa einnig að því að tryggja náttúruvernd og vernd menningarminja, í samræmi við lög nr. 60/2013 um náttúruvernd og viðkomandi verndaráætlanir. Slíkt mat þarf að byggja á heildstæðri greiningu á bæði jákvæðum og neikvæðum áhrifum á náttúru, samfélag og innviði. Þótt þjóðgarðar geti skapað efnahagsleg tækifæri með auknum ferðamannastraumi, geta þeir jafnframt leitt til aukins álags á viðkvæm vistkerfi, innviði og þjónustu ef ekki er brugðist við með gerð markvissrar skipulags- og verndaráætlunar. Mikilvægt er að tryggja að ferðaþjónusta innan þjóðgarðs sé sjálfbær, taki mið af verndarmarkmiðum og stuðli að jafnvægi milli náttúruverndar og samfélagsþróunar. Því er mikilvægt að náttúruvernd sé leiðarljós við alla stefnumótun og ákvarðanir um skipulag og nýtingu innan þjóðgarðs.

Náttúruverndarstofnun fagnar áhuga sveitarfélaganna á náttúruvernd og hugmyndum um stofnun þjóðgarða á Vestfjörðum. Þó að hagrænn ávinningur sé áberandi í röksemdum, er mikilvægt að horfa til þess að friðlýsingar snúast fyrst og fremst um náttúru- og menningarvernd.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er brýnt að vinna við stofnun Dynjandisþjóðgarðs verði sem fyrst kláruð, enda hefur undirbúningur staðið yfir um árabil og fyrirliggjandi gögn liggja til grundvallar ákvörðun. Svæðið er jafnframt langfjölsóttasti áfangastaður Vestfjarða, sem gerir það enn mikilvægara að tryggja vernd þess með heildstæðri friðlýsingu og markvissri stýringu ferðamennsku.

Varðandi hugmyndir um þjóðgarð við Dranga og/eða Drangajökul bendir Náttúruverndarstofnun á að við friðlýsingu Dranga árið 2021 var að vel athuguðu máli ákveðið að friðlýsa svæðið sem víðerni – hið fyrsta á Íslandi í þeim friðlýsingarflokki. Stofnunin telur að forsendur þeirrar ákvörðunar standi enn og að friðlýsingarflokkurinn endurspegli vel sérstöðu svæðisins. Að mati stofnunarinnar er því ekki tilefni til að endurskoða flokkunina að þessu sinni, nema nýjar forsendur eða breyttar aðstæður komi fram síðar. Mikilvægt er því að nefndin skoði þá hugmynd vel í áframhaldandi vinnu.

Náttúruverndarstofnun bendir jafnframt á að samkvæmt 47. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skulu þjóðgarðar vera í eigu ríkisins nema sérstakar ástæður mæli með öðru og náist samkomulag við landeigendur.

Sjálfbær og ábyrg ferðaþjónusta

Í greinargerð (kafli 6.4.3) er lögð áhersla á að náttúruvernd verði forsenda ferðaþjónustu og að álagi verði stýrt í samræmi við burðargetu svæða.

Náttúruverndarstofnun fagnar þessum áherslum en bendir á að burðargeta einstakra svæða hafi ekki verið skilgreind. Mikilvægt er að slík greining liggi til grundvallar áður en ráðist er í frekari áfangastaðaupbyggingu, til að vernda náttúru, tryggja jákvæða upplifun gesta og forðast ofálag á innviði og vistkerfi.

Óbyggð víðerni

Í greinargerð kemur fram að víðerni Vestfjarða teljist mikilvæg auðlind sem hafi bæði verndargildi og gildi fyrir útivist og ferðaþjónustu. Þar er bent á að í stefnu svæðisskipulagsins sé gert ráð fyrir að viðhalda óbyggðum víðernum, meðal annars með því að stýra mannvirkjagerð, vega- og orkuframkvæmdum þannig að þau trufli ekki samfellu víðernissvæða.

Samkvæmt lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd teljast óbyggð víðerni svæði sem eru að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð, þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins, svo sem framkvæmda, mannvirkja, umferðarmannvirkja eða annarra ummerkja nýtingar. Þessi svæði skulu einkennast af samfelldri náttúru án raskana sem draga úr upplifun víðernis og ósnortinnar náttúru.

Náttúruverndarstofnun bendir á að nauðsynlegt sé að svæðisskipulag Vestfjarða skilgreini skýrt hvar helstu víðernissvæði eru og hvernig tryggja eigi vernd þeirra til framtíðar. Jafnframt þarf að huga að því að framkvæmdir utan víðernissvæða geti haft áhrif á þau með óbeinum hætti, til dæmis með sjónrænum áhrifum.

Á Vestfjörðum er að finna nokkur víðernissvæði sem hafa mikið verndargildi. Þar má nefna Hornstrandir, Drangajökulssvæðið, Glámuvíðerni og Ófeigsfjarðarheiði, sem öll teljast til stærstu og samfellu víðernissvæða á landinu. Þessi svæði hafa jafnframt mikilvæg fyrir upplifun ferðafólks af ósnortinni náttúru.

Náttúruverndarstofnun bendir á að helstu þættir sem geta raskað víðernum á Vestfjörðum séu:

- Ný vegagerð eða stækkun vega.
- Orkuframkvæmdir, m.a. virkjunarkostir og línulagnir, sem geta valdið sjónrænum áhrifum og uppskiptingu svæða.
- Uppbygging ferðaþjónustu og mannvirki sem tengjast auknum aðgangi ferðamanna, t.d. bílastæði, gistihús eða önnur mannvirki.
- Aukin umferð vélknúinna farartækja utan vega sem brýtur upp upplifun ósnortinnar náttúru.

Nauðsynlegt er að svæðisskipulag Vestfjarða geri grein fyrir þessum helstu áhrifapáttum og setji fram stefnu og skilmála sem tryggja vernd víðernissvæða til framtíðar.

Orkuöflun og jarðhitanýting

Í greinargerð kemur fram að í svæðisskipulagi Vestfjarða sé lögð áhersla á að orkuskipti verði grundvallarstefna í þróun byggðar og atvinnulífs. Þar segir að forgangsverkefni sé að auka nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa, sérstaklega jarðhita og vatnsafls, til að tryggja sjálfbæra orkuframleiðslu og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Sveitarfélög hyggist kortleggja og kanna möguleika á jarðhitanýtingu, einkum til húshitunar, gróðurhúsaræktar og ferðaþjónustu.

Í greinargerð segir jafnframt að „nálgast skuli orkuöflun með virðingu fyrir náttúru og tryggja að virkjanir og tengingar þeirra skerði sem minnst víðerni og mikilvægar landslagsheildir.“ Þá kemur fram að vindorka hafi verið til skoðunar á Vestfjörðum, en að svæðið sé viðkvæmt með

tilliti til fuglalífs og landslags og að vanda þurfi sérstaklega til mats á áhrifum áður en leyfi til slíkra framkvæmda eru veitt.

Í greinargerð er sérstaklega fjallað um virkjunarkosti:

- Hvalárvirkjun muni duga fyrir núverandi orkupörf Vestfirðinga.
- Til lengri tíma gæti orkupörfin vaxið og meðalstórar vatnsaflsvirkjanir í Djúpi og á austanverðu Glámuhálendi gegnt lykilhlutverki í framtíðarorkuöflun svæðisins.
- Við Ísafjarðardjúp eru nefndir nokkrir meðalstórir virkjanakostir: Austurgilsvirkjun (í orkunýtingarflokki), Skúfnavatnavirkjun, Hvanneyrardalsvirkjun og Tröllárvirkjun (í athugun í rammaáætlun).
- Á Ströndum mun Kvíslartunguvirkjun brátt auka aðgengi að raforku.
- Aðrir stærri virkjanakostir eru annað hvort í verndarflokki eða hafa ekki verið teknir til umfjöllunar í rammaáætlun.

Náttúruverndarstofnun bendir á að fyrirhugað virkjunarsvæði Hvalárvirkjunar liggi að Drangavíðernum, sem telst eitt mikilvægasta og samfelldasta víðernissvæði á Vestfjörðum. Auk áhrifa virkjunarinnar sjálfrar geta fyrirhugaðar loftlínur til orkuflutnings haft veruleg áhrif á víðernisupplifun, með sjónrænu raski og uppskiptingu náttúrulegra heilda. Slík framkvæmd getur dregið úr gildi víðernisins bæði hvað varðar náttúruvernd og upplifun ferðafólks. Stofnunin leggur áherslu á að við frekari mat á Hvalárvirkjun verði sérstaklega tekið tillit til víðernisáhrifa, bæði vegna mannvirkjanna sjálfra og vegna orkuflutnings, og að metnir verði kostir sem feli í sér jarðstrengslagnir í stað loftlína.

Stofnunin bendir jafnframt á að við mat á öðrum orkuöflunarkostum á Vestfjörðum þurfi sérstaklega að leggja áherslu á:

- Möguleg áhrif á víðerni, landslag og heildstæða náttúrumynd, sérstaklega á Glámuhálendi þar sem náttúruverndargildi er hátt.
- Vatnafræðileg áhrif vatnsaflsvirkjana á lífríki vatnsfalla og tengd votlendi.
- Áhrif á fuglalíf, bæði beint vegna framkvæmda og óbeint vegna uppskiptingar búsvæða eða truflunar á alþjóðlega mikilvægum fuglasvæðum.
- Þörf fyrir heildstætt mat á samanlögðum áhrifum margra virkjana innan sama svæðis, sérstaklega við Ísafjarðardjúp þar sem nokkrir kostir eru til skoðunar.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að stefna svæðisskipulags Vestfjarða um orkuöflun verði útfærð með skýrum landfræðilegum viðmiðum og í samræmi við náttúruverndarlög, þannig að virkjanir og tengibúnaður skerði ekki víðerni né mikilvægur landslagsheildir.

Miðað við það sem kemur fram í greinargerð er óvissa um áhrif nýrra virkjana á Vestfjörðum með tilliti til raunverulegrar orkuþarfar. Þessi óvissa kallar ekki aðeins á varfærni heldur einnig að mikilvægt er að vernda umhverfi og náttúru. Mikilvægt er því að orkupörf sé metin á traustum grunni áður en tekin er ákvörðun um frekari virkjunarframkvæmdir.

Þá þarf jafnframt að hafa í huga að það er ekki aðeins virkjunin sem slík sem getur valdið raski, heldur einnig allir innviðir sem henni fylgja, svo sem vegir, raflínur, pípur, skurðir og vinnubúðir. Slíkar framkvæmdir geta haft jafn mikil eða meiri áhrif á víðerni, vatnafræði og lífríki en orkuvernið sjálft.

Smávirkjanir

Í greinargerð (bls. 22) kemur fram að svæðisskipulagsnefnd hyggist móta samræmda stefnu um smávirkjanir þar sem lögð er áhersla á varfærni, mat á uppsöfnuðum áhrifum og samræmd viðmið sveitarfélaga.

Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að nefndin vinni að slíkri stefnumótun, enda er mikilvægt að tryggja að smávirkjanir hafi ekki neikvæð áhrif á náttúruverðmæti, lífríki vatnsfalla, víðerni eða friðlýst svæði. Stofnunin leggur áherslu á að uppsöfnuð áhrif marga smávirkjana á sama svæði verði ávallt metin með sama hætti og áhrif stærri virkjana.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Skúli Þórðarson

verkefnastjóri